

# Aðalfundur Hörpu tónlistar – og ráðstefnuhúss ohf.

## FUNDARGERÐ

Aðalfundur Hörpu var haldinn miðvikudaginn 27. apríl 2016

og hófst kl. 15:00 á Háalofti.

### Mætt voru:

Guðfinna S. Bjarnadóttir - stjórnarformaður Hörpu  
Ásta Möller – stjórnarmaður Hörpu  
Ellý Katrín Guðmundsdóttir - borgarritari  
Þórhallur Arason – skrifstofustjóri hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti  
Jón Gunnar Vilhelmsson – sérfræðingur hjá fjármála – og efnahagsráðuneyti  
Vignir Rafn Gíslason – endurskoðandi PwC  
Halldór Guðmundsson – forstjóri Hörpu  
Karitas Kjartansdóttir – starfsmaður Hörpu  
Elva Dögg Melsteð – starfsmaður Hörpu  
Hrannar Hafsteinsson – starfsmaður Hörpu  
Edda Austmann – starfsmaður Hörpu  
Sindri Már Hjartarsson – starfsmaður Hörpu

Hulda Kristín Magnúsdóttir ritaði fundargerð

### Þetta gerðist:

#### 1. Fundarstjórn og fundarritun

Formaður stjórnar, Guðfinna S. Bjarnadóttir setti fundinn, bauð gesti velkomna, og lagði til að Ellý Katrín Guðmundsdóttir, borgarritari Reykjavíkurborgar tæki að sér fundarstjórn og Hulda Kristín Magnúsdóttir starfsmaður Hörpu ritaði fundargerð. Samþykkt.

#### 2. Könnun á lögmæti fundar

Til fundarins var boðað með auglýsingu í Fréttablaðinu og með tölvupósti þann 13. apríl síðastliðinn. Af hálfu hluthafa mætti Þórhallur Arason með umboð frá fjármála- og efnahagsmálaráðherra (54%) og Ellý Katrín Guðmundsdóttir með umboð frá borgarstjóra (46%). Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdum við boðun eða dagskrá fundarins. Engar athugasemdir komu fram og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

#### 3. Skýrsla stjórnar og ársreikningur Hörpu 2015

Formaður stjórnar og forstjóri fluttu skýrslur um starfsemina á síðasta ári. Forstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum ársreiknings og helstu skýringum.

Ársreikningurinn sem stjórn hafði samþykkt og undirritað var staðfestur.

#### 4. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Stjórn lagði til að afkoma ársins yrði flutt yfir á næsta ár og að ekki yrði greiddur arður. Samþykkt.

## 8. Kosning stjórnar

Fyrir fundinum lá tillaga um óbreytta stjórn.

Tillagan var samþykkt og er stjórn þannig skipuð:

1. Guðfinna S. Bjarnadóttir, formaður
2. Ásta Möller
3. Kjartan Örn Ólafsson
4. Svanhildur Konráðsdóttir
5. Vilhjálmur Egilsson

## 9. Kosning endurskoðanda

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun reikninga félagsins, sbr. 6 grein laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

## 10. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun stjórnarmanna verði óbreytt. Tillaga samþykkt.

## 11. Önnur mál

Engin mál bárust fundinum og honum slitið kl. 15:30.

Fundurinn fól fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð aðalfundarins til birtingar á heimasíðu félagsins.

Elly Katrín Guðmundsdóttir, fundarstjóri

Hulda Kristín Magnúsdóttir, fundarritari